

328. fundur Skólanefndar FS

10. september 2014



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Fanney D. Halldórsdóttir, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og María Líndal og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns.
 2. Upphaf annar.
 3. Starfið á haustönn 2014.
 4. Önnur mál.

1. Kosning formanns.

Formaður skólanefndar kosinn. Lagt til að Guðbjörg Rut Þórisdóttir verði formaður og Pétur Brynjarsson verði varformaður. Samþykkt samhljóða.

2. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar. Nýir kennarar eru Arnar Stefánsson, Birna Ármey Þorsteinsdóttir, Bogi Ragnarsson, Guðmundur Rúnar Lúðvíksson og Þjóðbjörg Gunnarsdóttir. Guðrún Jóna Magnúsdóttir hefur hafið störf sem námsráðgjafi og Arndís Harpa Einarsdóttir heldur áfram störfum eftir að hafa leyst af í vor. Ásta Svanhvít Sindradóttir, Elín Rut Ólafsdóttir, Lárus Pálmason og Þorbjörg Garðarsdóttir verða í leyfi á önninni og Ingibjörg Böðvarsdóttir og Sesselja Bogadóttir verða í barneignarleyfi. Guðmundur Guðbjörnsson, Guðrún Jóna Sigurðardóttir, Katrín Marsí Aradóttir og Kristín Hafsteinsdóttir eru hætt og einnig Inga Lilja Eiríksdóttir sem verður þó stundakennari á þessari önn. Nemendur eru um 960 á önninni auk 30 grunnskólanemenda sem stunda nám í einstökum áföngum. Þá eru um 40 grunnskólanemendur sem sækja tíma einu sinni í viku. Þetta eru heldur færri nemendur en undanfarin ár.

3. Starfið á haustönn 2014.

Skólameistari sagði frá helstu áherslum á önninni. Þar verður megináhersla á vinnu við nýja námskrá sem tekur gildi haustið 2015. Einnig þarf að skoða vinnutímamat en sú endurskoðun kemur í kjölfar kjarasamninga kennara. Búið er að endurnýja tölvur í einni kennlustofu og þá er búið að kaupa 10 fartölvur fyrir kennara en þær koma í staðinn fyrir eldri tölvur. Verið að skoða kaup á ódýrum spjaldtölvum en ekki hefur enn fengist leyfi til að selja þær á Íslandi. Ekki verður hefðbundin busavígsla á þessari önn en í staðinn verður skemmtun á sal og nýnemaball um kvöldið. Kynningarfundur fyrir foreldra og aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn þriðjudaginn 2. september og var vel sóttur.


[Handwritten signatures]

4. Önnur mál.


a) Skólameistari sagði frá fundi með menntamálaráðherra en þar var sagt frá hlut framhaldsskólanna í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015. Nemendaígildi skólans verða 880 á næsta ári sem er fækkun en árgangar eru að minnka. Einnig er það stefna ráðuneytis að vísa eldri nemendum í fullorðinsfræðslu og fækka þannig nemendum.

b) Böðvar Jónsson skólanefndarmaður hefur óskað eftir því að fundir skólanefndar verði ekki annan miðvikudag hvers mánaðar eins og verið hefur. Ákveðið að fundir verði framvegis þriðja miðvikudag í mánuði. Einnig rætt um að aðeins verði boðað til fundar ef tilefni er til.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður



Fanney D. Halldórsdóttir




Guðbjörg Kristmundsdóttir



María Línadal



Pétur Brynjarsson



Gunnar Valdimarsson



Kristján Asmundsson



Guðmann Kristþórsson, fundarritari